

Lög Foldu

Lög félagsins:

I. HEITI, HEIMILI OG HLUTVERK

1. gr.

Félagið heitir Folda – félag framhaldsnema í jarðvísindum, og er félag framhaldsnema við Jarðvísindadeild, Verkefna- og Náttúruvísindasvið (VON) Háskóla Íslands. Heimili þess og varnarþing er Askja, Háskóla Íslands, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík. Merki félagsins er (til bráðabirgða, hannað af Helga Arnari Alfreðssyni):



2. gr.

Hlutverk félagsins er:

- að gæta hagsmuna/réttinda félagsmanna innan Jarðvísindadeildar og VON.
- að stuðla að bættri menntun og aðstöðu félagsmanna.
- að auka tengsl og samvinnu félagsmanna ásamt því
- að viðhalda góðu félagslífi.
- að koma á góðum tengslum við Jarðvísindastofnun og gæta hagsmuna félagsmanna þar.
- að stuðla að faglegri umræðu meðal félagsmanna með fundum/ kynningum/ fyrirlestrum.
- að stuðla að auknum tengslum félagsmanna við atvinnulífið.

3. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því m.a.:

- að efna til funda um fagleg og félagsleg málefni.
- að efna til kynninga og fyrirlestra þar sem félagsmenn kynna það sem þeir eru að fást við og skiptast á skoðunum og hugmyndum við aðra félagsmenn.
- að taka virkan þátt í kynningu á framhaldsnámi, t.d. með kynningarkvöldi fyrir BS nema
- að efla persónuleg kynni félagsmanna með því að efna t.a.m. til ísbrjóts, bjórkvölda og árshátíðar.
- að gangast fyrir a.m.k. einni vísindaferð árlega.
- að vera vakandi um öll þau mál sem snerta félagsmenn í þjóðfélaginu.
- að halda úti heimasíðu félagsins (folda.hi.is).

3. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því m.a.:

- að efna til funda um fagleg og félagsleg málefni.
- að efna til kynninga og fyrirlestra þar sem félagsmenn kynna það sem þeir eru að fást við og skiptast á skoðunum og hugmyndum við aðra félagsmenn.
- að efla persónuleg kynni félagsmanna með því að efna t.a.m. til ísbrjóts, bjórkvölda og árshátíðar.
- að halda úti heimasíðu félagsins (nemendafelog.hi.is/folda).

II. FÉLAGSMENN

4. gr.

Framhaldsnemar við Jarðvísindadeild sem og við Norræna Eldfjallasetrið eru sjálfkrafa meðlimir í félaginu. Við brautskráningu komast félagar í tölu heldri félaga. Allir félagsmenn skulu skráðir á póstlista félagsins og geta notað hann til samskipta. Netfang póstlistans er folda[hjá]listar.hi.is. Formaður hefur umsjón með póstlistanum með aðgangsorði og lykilorði. Umsjónarmaður póstlistans skal gæta þess að bæta inn á hann nýjum framhaldsnemum í hlutaðeigandi deild í september og janúar ár hvert. Fjöldi viðtakenda á póstlistanum skal endurspeglja fjölda framhaldsnema í félaginu hverju sinni.

4. gr.

Framhaldsnemar við Jarðvísindadeild sem og við Norræna Eldfjallasetrið eru sjálfkrafa meðlimir í félaginu. Allir félagsmenn skulu skráðir á póstlista félagsins og geta notað hann til samskipta. Netfang póstlistans er folda[hjá]listar.hi.is. Formaður hefur umsjón með póstlistanum með aðgangsorði og lykilorði. Umsjónarmaður póstlistans skal gæta þess að bæta inn á hann nýjum framhaldsnemum í hlutaðeigandi deild í september og janúar ár hvert.

5. gr.

Allir félagsmenn hafa rétt til setu á fundum félagsins og hafa jafnframt allir atkvæðisrétt. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum.

6. gr.

Félagið getur kosið heiðursfélaga úr hópi fagfólks eða heldri félaga (brautskráðra félaga), skv. tillögu frá stjórn félagsins og telst það æðsta viðurkenning félagsins. Tillaga um slíkt kjör skal borin fram á fundi í félaginu og telst hún samþykkt ef 3/4 hlutar fundarmanna greiða henni atkvæði. Skal stjórnin halda skrá yfir heiðursfélaga.

Félagið getur kosið heiðursfélaga úr hópi fagfólks, skv. tillögu frá stjórn félagsins og telst það æðsta viðurkenning félagsins. Tillaga um slíkt kjör skal borin fram á fundi í félaginu og telst hún samþykkt ef 3/4 hlutar fundarmanna greiða henni atkvæði. Skal stjórnin halda skrá yfir heiðursfélaga.

7. gr.

Ekki er heimilt að víkja félagsmanni úr félaginu, sbr. þó 4. gr.

III. AÐALFUNDUR

8. gr.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins og er lögmætur ef 1/3 hluti atkvæðisbærra félagsmanna sækja hann. Afl atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi. Aðalfundur skal halda eigi síðar en í 4 viku marsmánaðar ár hvert, þó er heimilt að fresta framhaldsaðalfundi til septembermánaðar sama árs. Til aðalfundar og framhaldsaðalfundar skal boða með tölvupósti, á heimasíðu og á auglýsingatöflum í Öskju með viku fyrirvara hið skemmsta. Tillögur til lagabreytinga skal kynna á póstlista félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund, sbr. 2. málsl. 11. gr. Stjórnin skal skipa kosningastjóra eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund. Kosningastjóri skal annast framkvæmd og undirbúning stjórnarkjörs. Kosningastjóri er ekki kjörgengur á aðalfundi félagsins og má ekki sitja í stjórn þess.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins og er lögmætur ef minnst 17 atkvæðisbærir félagsmenn sækja hann. Afl atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi. Aðalfundur skal halda eigi síðar en í 4 viku marsmánaðar ár hvert, þó er heimilt að fresta framhaldsaðalfundi til septembermánaðar sama árs. Til aðalfundar og framhaldsaðalfundar skal boða með tölvupósti, á heimasíðu og á auglýsingatöflum í Öskju með viku fyrirvara hið skemmsta. Tillögur til lagabreytinga skal kynna á póstlista félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund, sbr. 2. málsl. 11. gr. Stjórnin skal skipa kosningastjóra eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund. Kosningastjóri skal annast framkvæmd og undirbúning stjórnarkjörs. Kosningastjóri er ekki kjörgengur á aðalfundi félagsins og má ekki sitja í stjórn þess.

9. gr.

Á aðalfundi skulu reikningar félagsins fyrir síðasta ár lagðir fyrir til samþykktar. Reikningsár félagsins er á milli aðalfunda. Reikningum félagsins skal lokað 2 sólarhringum fyrir aðalfund.

10. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Stjórnin leggur fram reikninga félagsins.
3. Umræður um skýrslur og reikninga.
4. Lagabreytingar
5. Kosning stjórnar fyrir næsta starfsár.
6. Hin nýkjörna stjórn tekur formlega við völdum.
7. Skipun deildarfulltrúa. Skulu þeir skipaðir til eins árs.
8. Önnur mál.

11. gr.

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi félagsins. Tillögum til lagabreytinga skal skilað til stjórnar félagsins og þær birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund. Nái tillaga til lagabreytinga samþykki 2/3 hluta fundarmanna, fær hún gildi. Tillögur til breytinga á lögum verða ekki teknar til meðferðar nema fjórðungur félagsmanna hið fæsta sé viðstaddur.

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi félagsins. Tillögum til lagabreytinga skal skilað til stjórnar félagsins og þær birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund. Nái tillaga til lagabreytinga samþykki meirihluta fundarmanna, fær hún gildi. Tillögur til breytinga á lögum verða ekki teknar til meðferðar nema fjórðungur félagsmanna hið fæsta sé viðstaddur.

12. gr.

Nú hefur tillaga til lagabreytinga komið fram á réttum tíma, en ekki er mættur tilskilinn fjöldi félagsmanna skv. 11. gr. og skal þá efna til framhaldsaðalfundar um tillöguna. Er sá fundur lögmætur og ályktunarfær um lagabreytinguna án tillits til fundarsóknar og fær tillagan gildi ef 2/3 fundarmanna samþykkja hana.

13. gr.

Að loknum aðalfundi ár hvert skal stjórn gefa út gildandi lög félagsins og setja endurskoðaða útgáfu á heimasíðu félagsins þar sem hún er aðgengileg félagsmönnum öllum.

IV. STJÓRN FÉLAGSINS

14. gr.

Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi félagsins og til eins árs í senn. Æskilegt er að stjórn félagsins sé skipuð sjö félagsmönnum, en þó aldrei færri en fimm, sem kosnir eru í

eftirfarandi röð, einn í senn: Formaður, ritari, gjaldkeri, meðstjórnandi (fulltrúi erlendra nema), meðstjórnandi, varamaður 1 og varamaður 2. Kosning skal vera leynileg nema fundur ákveði annað. Aðeins þau atkvæði sem greidd eru á aðalfundi, eru gild í stjórnarkjöri.

15. gr.

Formaður félagsins sér um fundarsetu og önnur verk í stjórn Náttverks, sbr. 22 gr. Stjórnin skiptir sjálf með sér öðrum verkum. Varamenn leysa aðra stjórnarmeðlimi af ef þeir forfallast. Hlutverk stjórnar er að koma fram fyrir hönd félagsins, boða til funda þegar ástæða þykir til og hafa frumkvæði að því að 2. gr. sé framfylgt. Hlutverk stjórnar er jafnframt að leita eftir tillögum að nýjum stjórnaraðilum við stjórnarskipti.

16. gr.

Stjórn félagsins ræður málefnum þess með þeim takmörkunum, sem lög þessi setja. Hún tekur nánari ákvarðanir um starfsemi þess og er ábyrg fyrir fjárreiðum og skuldbindingum gagnvart öðrum aðilum. Stjórn félagsins skipar í embætti deildarfulltrúa, ásamt því að skipa í nefndir, ráð og önnur embætti á vegum félagsins með þeim takmörkunum sem 10. gr. og 15 gr. setja.

17. gr.

Þegar taka þarf ákvarðanir varðandi félagið og í nafni þess, ber að boða til fundar með tölvupósti, a.m.k. viku áður en fundur er haldinn. Undantekningalaust skal boða til fundar ef stjórnin hefur í hyggju að skuldbætja félagið.

18. gr.

Stjórnarfundur skal boða með tryggilegum hætti og með a.m.k. eins dags fyrirvara, ef unnt er. Stjórnarfundur er ályktunarfær ef þrír stjórnarmenn hið minnsta sækja fund og sitja. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

19. gr.

Stjórninni er skylt að efna til almenns fundar, ef 1/3 félagsmanna óska þess skriflega. Fundir eru lögmatir ef 1/3 hlutar félagsmanna sækja þá. Almennir fundir skulu auglýstir á heimsíðu félagsins og með tölvupósti til félagsmanna í gegnum póstlista þess eigi minna en með tveggja daga fyrirvara.

20. gr.

Komi fram vantraust á stjórn félagsins, skal það þá hljóta sömu meðferð og afgreiðslu og lagabreytingar hvað snertir birtingarfrest, auglýsingu og samþykki. Ná vantraust fram að ganga skal fundarstjóri þess fundar boða til almenns félagsfundar innan tveggja vikna með tryggilegum hætti og a.m.k. viku fyrirvara. Skal þar kjósa bráðabirgðastjórn samkvæmt almennum fundarsköpum sem situr fram að næsta aðalfundi. Sömu reglur skulu gilda ef stjórnin félagsins segir af sér.

V. HAGSMUNAMÁL

21. gr.

Deildarfulltrúar, skipaðir af stjórn, skulu fara með málefni félagsmanna á deildarfundum og gæta hagsmuna þeirra þar. Stjórn félagsins kjörin skv. 5. tl.10. gr. skal fara með málefni félagsmanna fyrir Jarðvísindastofnun og gæta hagsmuna þeirra þar.
[Deildarfulltrúi upplýsir stjórn Foldu um málefni deildarfunda.](#)

22. gr.

Formaður Foldu sér um tengsl félagsins við Náttverk, hagsmunasamtök stúdenta VON. Hann situr í stjórn félagsins skv. stjórnarreglum Náttverks. Ritari er varamaður hans í stjórn. Formaður skal ávallt passa upp á að upplýsa stjórn og félagsmenn um gang mála innan Náttverks, ásamt því að halda vel um samskipti við önnur nemendafélög í

náttúruvísindum. Formaður skal einnig sjá til þess að eftirmaður hans í stjórn sé upplýstur um störf og aðrar skildir í Náttverki.

VI. HEIMASÍÐA

23. gr.

Stjórn félagsins ber að halda úti heimasíðu félagsins á vefsvæði þess innan Háskóla Íslands á vefslóðinni: www.folda.hi.is. Síðuna skal uppfæra reglulega. Lög félagsins skulu vera aðgengileg á heimasíðunni. Fundargerðir skulu vera félagsmönnum aðgengilegar gegnum heimasíðuna. Myndir af starfi félagsins skulu vera aðgengilegar á heimasíðunni. Félagatal skal vera aðgengilegt félagsmönnum gegnum heimasíðuna. Félagsmönnum skal vera kleift að viðra skoðanir sínar á heimasíðunni á þar til gerðum spjallþráðum. Upplýsingar um stjórn skulu liggja fyrir á heimasíðu. Auglýsingar og tilkynningar skulu birtar á heimasíðu.

Stjórn félagsins ber að halda úti heimasíðu félagsins á vefsvæði þess innan Háskóla Íslands á vefslóðinni: nemendafelog.hi.is/folda. Síðuna skal uppfæra reglulega. Lög félagsins skulu vera aðgengileg á heimasíðunni. Upplýsingar um stjórn skulu liggja fyrir á heimasíðu. Auglýsingar og tilkynningar skulu birtar á heimasíðu.

VII. ÝMIS ÁKVÆÐI

24. gr.

Meiriháttar ágreining um lög þessi skal útkljá af gerðardómi. Skal stjórn félagsins kjósa einn mann í dóminn, félagsfundur annan og hlutaðeigandi deild tilnefna oddamann.

25. gr.

Nú kemur fram tillaga um að félaginu skuli slitið og skal hún þá sæta sömu meðferð og tillaga til lagabreytinga skv. 11. gr.. Ákvæði 12. gr. eiga ekki við um slíka tillögu.

26. gr.

Sé félaginu slitið skulu eignir þess fengnar hlutaðeigandi deild til varðveislu, þar til framhaldsnemar við hlutaðeigandi deild stofna annað félag, sem ótvírætt telst arftaki Foldu, og fær það þá eignirnar.

27. gr.

Félagið fer eftir almennum fundarsköpum.